

Þriðjudaginn 8. apríl 1997.

Nr. 147/1997. **Lögreglustjórinn í Reykjavík**

gegn

Gilbert Má Skarphéðinssyni

(Haraldur Blöndal hrl.)

og

Gilbert Már Skarphéðinsson

gegn

Friðgeiri Björnssyni og

Jóni Finnbjörnssyni

Kærumál. Kæruheimild. Kærufrestur. Frávísun máls frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili, Gilbert Már Skarphéðinsson, skaut málinu til Hæstaréttar með kærum 24. og 26. mars 1997, sem bárust réttinum ásamt kærumálgögnum 2. apríl sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 21. mars sl., þar sem veitt var heimild til húsleitar á veitingastaðnum Hafnarkránni að Hafnarstræti 9 í Reykjavík. Í kæru 24. mars 1997 eru engar kröfur gerðar, en ætla verður, að kært sé í því skyni að fá úrskurð héraðsdóms felldan úr gildi. Í kæru 26. sama mánaðar er þess krafist aðallega, að varnaraðilarnir Friðgeir Björnsson, dómstjóri í Reykjavík, og Jón Finnbjörnsson dómarafulltrúi verði sektaðir, en til vara, að þeir sæti áminningu, með lögjöfnun frá 3. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Loks krefst varnaraðilinn, Gilbert, kærumálskostnaðar sameiginlega úr hendi gagnaðila sinna.

Sóknaraðili krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Varnaraðilarnir, Friðgeir Björnsson og Jón Finnbjörnsson, hafa ekki látið málið til sín taka.

I.

Samkvæmt gögnum málsins fór umrædd húsleit fram sama dag og hinn kærði úrskurður var kveðinn upp. Athöfn sú, sem kveðið var á um í úrskurðinum, fór því fram, áður en hann var kærður. Af því

leiðir, að hinn kærði úrskurður verður ekki felldur úr gildi að kröfu varnaraðila, Gilberts, sbr. 3. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991. Af þessum sökum verður málinu vísað frá Hæstarétti að þessu leyti.

II.

Til stuðnings kröfum á hendur varnaraðilunum, Friðgeiri Björnsyni og Jóni Finnbjörnssyni, er því haldið fram, að vald til að kveða upp dómsúrskurð um húsleit verði ekki framselt dómarafulltrúa, þar sem slíkt framsal sé andstætt ákvæðum 2. gr. stjórnarskárinnar og 6. og 8. gr. samnings um verndun mannréttinda og mannfrelsis, sbr. lög nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu.

Samkvæmt gögnum málsins var varnaraðilinn, Gilbert, handtekinn 21. mars 1997 í tengslum við aðgerðir við hina umdeildu húsleit. Verður því við það að miða, að honum hafi þann dag orðið kunnugt um úrskurð héraðsdóms. Síðari kera varnaraðilans barst héraðsdómi 26. mars 1997. Var þá liðinn sá frestur til kæru úrskurðarins, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 144. gr. laga nr. 19/1991. Verður málinu því vísað sjálfkrafa frá Hæstarétti einnig að þessu leyti.

Það athugast, að kröfur varnaraðilans, Gilberts, á hendur dómstjóranum í Reykjavík og fulltrúa hans eru gersamlega að ófyrirsynju.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.
